

Fréttabréf

Haust 2022

Frá skrifstofu sjóðsins

Ávöxtun fyrstu 9 mánuði ársins

Nýr sjóðfélagavefur

Breytingar á lögum um lífeyrissjóði

Hver er munurinn á tilgreindri séreign og séreign?

Eingreiðsla eftirlauna

Eru iðgjöldin þín að skila sér til sjóðsins?

Hefur þú kynnt þér sjóðfélagalán?

Ísland aftur efst í alþjóðlegum samanburði

Frá skrifstofu sjóðsins

Ársfundur Stapa var haldinn í Menningarhúsinu Hofi þann 1. júní sl. Fundurinn var nokkuð vel sóttur en honum var einnig streymt líkt og undanfarin ár. Á dagskrá voru hefðbundin ársfundarstörf. Stjórn Stapa starfsárið 2022-2023 er þannig skipuð: Formaður er Erla Jónsdóttir og varaformaður Tryggvi Jóhannsson. Aðrir í stjórn eru Guðný Hrund Karlsdóttir, Oddný María Gunnarsdóttir og Sverrir Mar Albertsson frá launamönnum og Dagmar Ýr Stefánsdóttir, Unnar Már Pétursson og Valdimar Halldórsson frá atvinnurekendum. Mörg mál bíða nýrrar stjórnar en meðal annars liggur fyrir að á næsta ársfundi þarf að breyta samþykktum vegna aukinna lífslíka Íslendinga líkt og tæpt var á í fréttabréfi sl. vor.

Fjárfestingarumhverfið hefur verið krefjandi síðustu mánuði. Það sem af er ári hefur ávöxtun sjóðsins verið mun lakari en þrjú árin þar á undan, sem gáfu sérstaklega góða ávöxtun. Í tilfelli lífeyrissjóða er rétt að skoða ávöxtun yfir lengra tímabil. Hvort sem horft er til 5, 10 eða 20 ára þá er ávöxtun Stapa yfir viðmiði. Nánar er fjallað um ávöxtun og eignasamsetningu sjóðsins í fréttabréfinu.



Í sumar samþykkti Alþingi breytingar á ýmsum lögum tengdum lífeyrissjóðum og almannatryggingum sem eiga að taka gildi um næstu áramót. Töluverð umræða hefur skapast og þá helst um þá breytingu að séreign sem falli til af lágmarksiðgjaldi í lífeyrissjóð muni skerða greiðslur frá Tryggingastofnun. Nokkurs misskilnings hefur gætt í umræðunni og margir talið að séreign, sem ýmsir þekkja sem viðbótarlífeyrissparnað, muni skerða bætur frá Tryggingastofnun. Svo er ekki, en við fjöllum nánar um þessa breytingar hér aftar sem og muninn á séreign og tilgreindri séreign.


Í september var nýr og endurbættur sjóðfélagavefur settur í loftið. Efni vefsins er ekki mikið breytt en framsetning þess og reiknivélar eru nútímalegri og einfaldari. Við hvetjum sjóðfélaga til að kynna sér nýja vefinn og fylgjast vel með réttindum sínum.

Ávöxtun fyrstu 9 mánuði

Árið 2022 hefur reynst óhagstætt á eignamörkuðum. Nafnávöxtun sjóðsins það sem af er ári er neikvæð um 4,6%. Verðbólga, vaxtahækkunar og órói vegna stríðsástands í Úkraínu hefur haft áhrif á eignaverð og flestir eignamarkaðir, bæði héraðs og erlendis, hafa lækkað það sem af er ári.

Bæði innlend og erlend hlutabréf hafa lækkað mikið í verði sem hefur minnkað vægi þessara eignaflokka á meðan vægi skuldabréfa í eignasafninu hefur aukist. Hvorki verðtryggð né óverðtryggð skuldabréf hafa reynst fullnægjandi vörn í þessum aðstæðum þar sem ávöxtunarkrafa þeirra hefur farið hratt hækkandi á árinu og verð þeirra því lækkað.

Staða íslenska hagkerfisins er þrátt fyrir allt nokkuð góð, útlit er fyrir að fjöldi ferðamanna sé nú að ná fyrri hæðum og samsetning ferðamanna er betri en oft áður. Hagvöxtur hefur reynst umfram spár og hefur verið drifinn áfram af innlendri eftirspurn. Aðgerðir Seðlabanka Íslands til þess að slá á verðbólgu virðast vera að ná tilætluðum árangri og hefur tólf mánaða verðbólgutaktur lækkað



í tveimur síðustu mælingum. Verðbólga er nú undir síðustu spá Seðlabankans, þrátt fyrir að vera yfir langtíamarkmiðum hans.

Langtímaávöxtun sjóðsins er góð hvort sem horft er til 5, 10 eða 20 ára. Árleg raunávöxtun á þessu tímabili hefur verið á bilinu 3,8-3,9% sem er yfir langtíamarkmiði um 3,5% árlega ávöxtun.

Nafnávöxtun séreignar á fyrstu níu mánuðum þessa árs er neikvæð, bæði í Varfærna (-8,3%) og Áráðna safninu (-10,6%), en árleg meðal nafnávöxtun þeirra er hins vegar verulega jákvæð sé horft til lengri tíma, hvort heldur 2, 5 eða 10 ára.

Nýr sjóðfélagavefur


Á dögnum settum við í birtingu [endurbættan sjóðfélagavef](#) sem er unninn í samvinnu við Hugsmiðjuna. Vefurinn hefur fengið nútímalegra útlit og efnið sett fram á einfaldari hátt.

Reiknivélar hafa verið uppfærðar og eru nú notendavænni. Meðal nýjunga má nefna að hægt er að sjá á vefnum hvort sjóðfélagi uppfyllir skilyrði lánsréttar hjá sjóðnum.

Vefurinn er enn í vinnslu t.a.m. er ný lausn fyrir lífeyrisgáttina ekki tilbúin en á meðan svo er birtum við hlekk á gömlu útgáfuna í veftré.

Það er mikilvægt að fylgjast vel með áunnum réttindum og greiðslum frá sjóðnum. Við vonum að einfaldari framsetning verði sjóðfélögum hvatning til að vera fylgjast betur með réttindum sínum.

Allar ábendingar varðandi vefinn má senda á stapi@stapi.is.



Breytingar á lögum um lífeyrissjóði

Alþingi samþykkti þann 15. júní 2022 breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem koma til framkvæmda um næstu áramót. Helstu breytingar eru:

- Lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð hækkar úr 12% í 15,5%. Ef kveðið er á um aðra hlutfallstölu í kjarasamningum þá gildir hún þar til samkomulag hefur náðst um annað.
- Lífeyrissjóðum er heimilt að bjóða sjóðfélögum að ráðstafa allt að 3,5% af lágmarksiðgjaldi í tilgreinda séreign.
- Séreign af lágmarksiðgjaldi verður ekki lengur undanþegin skerðingu greiðslna frá Tryggingastofnun. Engin breyting verður á viðbótarlífeyrissparnaði sem takmarkast við allt að 4% framlag sjóðfélaga og 2% framlag launagreiðanda. Hann mun áfram ekki teljast til tekna við útreikning á lífeyri frá Tryggingstofnun. Greiðslur úr annarri séreign, t.d. tilgreindri séreign, mun hins vegar skerða ellilífeyri almannatrygginga frá 1. janúar 2023.

- Heimilt verður að ráðstafa tilgreindri séreign skattfrjálst til kaupa á fyrstu fasteign að uppfylltum tilteknum skilyrðum.
- Rétthafa séreignarsparnaðar, sem ekki hefur verið eigandi að íbúðarhúsnæði síðastliðin fimm ár áður en sótt er um ráðstöfun séreignarsparnaðar, er einnig heimilt að nýta sér úrræði laga nr. 111/2016 að uppfylltum öðrum skilyrðum þeirra.


Frekari upplýsingar um breytingarnar og helstu áhrif þeirra á sjóðfélaga hjá Stapa er að finna á upplýsingasíðu á vefsíðu [sjóðsins](#), einnig á [vef Alþingis](#) og [tr.is](#) þar sem m.a. er að finna skýringarmynd sem sýnir samspil almannatrygginga og greiðslna úr lífeyrissjóðum.

Sjóðfélagar eru hvattir til að [hafa samband](#) varðandi frekari fyrirspurnir um lagabreytinguna er varða greiðslur frá Stapa.

Hver er munurinn á tilgreindri séreign og séreign?

Tilgreind séreign varð til í kjölfar kjarasamnings á milli ASÍ og SA þegar samþykkt var að mótframlag launagreiðanda yrði hækkað í 11,5%. Lágmarksiðgjald hjá mörgum sjóðfélögum Stapa fór þá í 15,5% en framlag launþega var áfram 4%. Í samningnum var jafnframt kveðið á um að sjóðfélagi gæti ráðstafað allt að 3,5%, af lágmarksiðgjaldinu í tilgreinda séreign.

Sjóðfélagi sem greiðir **hluta af lágmarksiðgjaldi** í tilgreinda séreign greiðir þá lægri fjárhæð í samtryggingu og fær því lægri ævilöng eftirlaun og áfallalífeyri (örorku, maka og barnalífeyri) en sá sem greiðir allt í samtryggingu. Á móti kemur að viðkomandi safnar þá sjóði í tilgreinda séreign.



Þeir sem vilja greiða hluta af lágmarksiðgjaldi í tilgreinda séreign þurfa að **fylla út umsókn á umsóknarvef**, ef ekkert er aðhafst greiðist öll fjárhæðin í samtryggingu.

Séreign (viðbótarlífeyrissparnaður) er aftur á móti sparnaður **umfram lágmarksiðgjald**. Launþegi velur að greiða 2-4% af launum í sjóð og fær þá á móti 2% til viðbótar frá launagreiðanda, sem er þá einskona launahækkun.

Þessi tegund séreignar hefur verið til lengi og undanfarin ár hefur verið hægt að nýta hana til að greiða inn á höfuðstól húsnæðisláns og vegna fyrstu íbúðakaupa.

Allir sem eru á aldrinum 16-70 ára geta gert samning um séreignarsparnað á **umsóknarvef Stapa**.



- Bæði séreign og tilgreind séreign erfast við fráfall til erfingja og skiptast eftir erfðalögum.
- Rétt er að geta þess að það eru ekki allir sjóðfélagar hjá Stapa sem geta greitt í tilgreinda séreign.

Eingreiðsla eftirlauna

Öllu jafna eru eftirlaun greidd mánaðarlega ævilangt. Á því er þó undantekning ef um lága fjárhæð er að ræða.

- Ef mánaðarleg eftirlaun eru lægri en 6.000 kr. (miðað við október 2022) er reglan sú að þau eru greidd út í einu lagi með svokallaðri eingreiðslu.
- Horft er til hvers sjóðs fyrir sig þannig ef sjóðfélagi á lága fjárhæð í mörgum sjóðum gæti komið til eingreiðslu frá fleiri en einum sjóði.
- Sjóðfélagi getur óskar eftir að fá mánaðarlegar greiðslur í stað eingreiðslu en þá þarf að hafa samband við sjóðinn á sama tíma og umsókn er send inn.

Hægt er að fá upplýsingar um réttindi í samtryggingarsjóðum í Lífeyrisgáttinni á [sjóðfélagavef](#).





Eru iðgjöldin þín að skila sér til sjóðsins?

Það er góð regla að bera saman launaseðla og iðgjaldagreiðslur sem koma fram á sjóðfélagayfirliti.

Mikilvægt er að skoða hvort:

- Iðgjöld sem dregin eru af launum skila sér til sjóðsins.
- Mótframlag launagreiðanda sé rétt.
- Ávöxtunarleið séreignar sé í samræmi við val sjóðfélaga.

Réttindasjóður byggir á þeim greiðslum sem skila sér til sjóðsins og því mikilvægt að hafa samband við Stapa innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits ef iðgjöld vantar frá launagreiðanda.

Stapi sendir sjóðfélögum yfirlit tvisvar á ári, að vori og hausti, en upplýsingar um iðgjaldagreiðslur eru ávallt aðgengilegar á sjóðfélagavef.

Hefur þú kynnt þér sjóðfélagalán?

Stapi býður verðtryggð lán gegn veði í íbúðarhúsnæði í eigu sjóðfélaga. Hægt er að fá lán með föstum eða breytilegum vöxtum.

- Hámarkslán kr. 70.000.000.
- Við kaup á fasteign miðast lánshlutfall við kaupverð.
- Við endurfjármögnun miðast lánshlutfall við nýjasta fasteignamat (2023).
- Fastir vextir lækkuðu í 2,7% þann 1. júlí sl. Vextirnir eru óbreyttir út lánstímann.
- Breytilegir vextir eru 1,75% (október 2022).
- Upplýsingar um lánsrétt eru á vef sjóðfélaga.
- Einfalt rafrænt umsóknarferli.

Allar nánari upplýsingar um sjóðfélagalán er að finna á vefsíðu sjóðsins en fyrirspurnir má einnig senda á lan@stapi.is.



Ísland aftur efst í alþjóðlegum samanburði

Annað árið í röð er Ísland efst í alþjóðlegum samanburði lífeyriskerfa. Íslenska lífeyriskerfið fær A í einkunn, hlaut 84,7 stig af 100 mögulegum en niðurstöður voru kynntar í dag. Heildareinkunn Íslandshækkarámilli ára. Holland og Danmörk koma fast á hæla okkar, einnig með A í einkunn, en alls tóku 44 ríki þátt í samanburðinum. Lífeyrsvísitalan, sem ráðgjafafyrirtækið Mercer og samtökin CFA Institute standa að, metur heildarlífeyriskerfi mismunandi landa út frá þremur meginþáttum; sjálfbærni, nægjanleika og trausti. Ísland er í efsta sæti bæði í nægjanleika og sjálfbærni, sem veiga þyngst í vísitölunni, en í sjöunda sæti þegar kemur að trausti til kerfisins.

Þeir þættir sem m.a. eru nefndir í skýrslunni sem styrkleikar íslenska lífeyriskerfisins:

- Tiltölulega ríflegur lífeyrir almannatrygginga.
- Góðir stjórnarhættir og regluverk lífeyrissjóða.
- Skyldusparnaður alls launafólks með tiltölulega hárrí iðgjaldaprósentu sem leiðir til þess að verulegar eignir eru lagðar til hliðar.



Einnig er bent á hvernig hægt væri að hækka heildareinkunn Íslands enn frekar:

- Minnka skuldir heimila sem hluta af vergri landsframleiðslu.
- Huga betur að jöfnun lífeyrissjóða við skilnað.
- Minnka skuldir ríkisins sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Nánari upplýsingar er að finna á [vefsíðu Stapa](#).

Viltu afþakka pappír?

Við hvetjum sjóðfélaga til að hjálpa okkur að gera hlutina hagkvæmari og vistvænni með því að afþakka pappír.

Hægt er að afþakka pappír á [vef sjóðfélaga](#), með íslykli eða rafrænum skilríkjum.

Undir Mínar upplýsingar er hakað í [Aþakka öll pappírsgögn](#).

Þeir sem afþakka heimsendan pappír þurfa að gefa upp netfang sitt og fá eftir það upplýsingar sem sjóðurinn telur nauðsynlegt að koma á framfæri við sjóðfélaga sendar í tölvupósti s.s. vegna sjóðfélagayfirlita, fréttabréf o.fl.

Til að fá aðstoð er hægt að senda beiðni á stapi@stapi.is eða hafa samband við sjóðinn í síma 460-4500.



Rafræn samskipti – Hafðu samband!

Á [vefsíðu sjóðsins](#) er hægt að sinna nánast öllum erindum.

- Hægt að finna allar upplýsingar um réttindi, iðgjaldagreiðslur, stöðu lána, sjóðfélagayfirlit o.fl. á [vef sjóðfélaga](#).
- Á [launagreiðendavef](#) eru allar upplýsingar um iðgjaldaskil.
- Allar umsóknir sjóðsins eru á [umsóknarvef](#). Hægt er að skila inn öllum umsóknum með rafrænum skilríkum. Fyrirspurnir vegna sjóðfélagalána má senda í tölvupósti á netfangið lan@stapi.is.

Hægt er að senda fyrirspurnir í tölvupósti á stapi@stapi.is.





Strandgötu 3, 600 Akureyri og Bakkavegi 5, 740 Neskaupstað.

Afgreiðslutími skrifstofu:

Akureyri kl. 9:00–12:30 og 13:00–15:00. Neskaupstaður kl. 9:00–12:00.

Sími: 460 4500 | www.stapi.is | stapi@stapi.is